

# Latína í 5. bekk nýmáladeildar (LATÍ2FO06)

## skólaárið 2022 – 2023

### Lýsing

Kenndar eru þrjár stundir í viku. Helstu atriði beyginga- og setningafræðinnar eru útskýrð og æfð. Meðalþungir kennslubókartextar í samfelldu máli eru lesnir, þýddir og greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega. Tengsl latneskra orðstofna við nýmálin eru rædd og fjallað er um menningu og sögu Rómverja í tengslum við lestexta.

### Námsefni

1. Latnesk málfræði eftir Kristin Ármannsson
2. Latnesk lestrarbók eftir Kristin Ármannsson
3. Fjölrit frá kennara

### Námsmat

**Tvö kaflapróf** verða á hvoru misseri, 40 mínútur hvert. Dagsetning ákveðin í samráði við nemendur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Jólapróf** í desember úr námsefni haustmisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Kynning um efni tengt latínu eða skyldum málum** (fyrirlestur og skil á úthendu) í febrúar 2021. Athugið að úthendurnar eru hluti af námsefni á stúdentsprófi.

### Stúdentspróf

**Árseinkunn (50% af lokaekunn)** byggir á fjórum þáttum:

- a) meðaltali kaflaprófa (35%),
- b) ástundun (35%) (mætingareinkunn skv. skólareglum og heimavinnu og virkni í tímum),
- c) jólaprófseinkunn (15%) og
- d) einkunn fyrir kynningu (15%).

**Skriflegt stúdentspróf (50% af lokaekunn)** (3 klukkustundir) í maí úr námsefni alls vetrarins. Engin hjálpargögn leyfð.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara